# Erluás 50 í Hafnarfirði

**Einbýlishús.**

**Heildarstærðir (brúttó)**

| Matshluti 01 | Flatarmál (m2) | Rúmmál (m3) | Lóðarstærð (m2) | Nýtingarhlutfall (0.X) |
|---|---|---|---|---|
| Íbúð | 199,1 | 567,0 | | |
| Bílskúr | 34,1 | 99,6 | | |
| Botnplata | 186,4 | 37,3 | | |
| Þakrými | | 100,2 | | |
| **Samtals** | **233,2** | **804,1** | **648,9** | **0,36** |

## Húslýsing

Akoma að húsinu er úr suðaustri frá götu. Aðalinngangur er í inndregnuskoti á milli eldhúss og bílskúrs, sem er á hægri hönd. Frá anddyri er gengið ti hægri inn í þvottahús og áfram þaðan inn í bílskúr. Í anddyri er snyrting á hægri hönd aðeins innar. Inn úr anddyri er komið inn í rúmgott hol. Frá holi er gengið inn í þrjú herbergi og baðherbergi og þaðan liggur einnig s igi niður á neðri hæð. Á vinstri hönd er gengið inní stofu og borðstofu og þaðan inní eldhús. Frá borðstofu eru dyr út á verönd. Á jarðhæð er sér inngangur, snyrting, vinnuherbergi og geymsla.

## Byggingarlýsing

Í húsinu er ein íbúð á tveimur hæðum. Á lóð eru þrjú bílastæði og sorpgeymsla.

### Útveggir.

Útveggir eru úr járnbundinni steinsteypu, staðsteyptir á hefðbundinn hátt, einangraðir að innanverðu með 100mm steinullareinangrun og klæddir að innan með gifsplötum. Að utan verða veggir steinaðir í koksgráum lit með marmaramulningi.

### Einangrun

Einangrun er miðuð við ákvæði gr.180 um hámarks U-gildi
einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfylt.
Notað verður K-gler í alla glugga.

### Þak.

Þakið verður bitasperruþak, sem verður stólað ofan á steinsteypta loftplötu. Loftplatan verður einangruð að ofan með 200 mm steinullareinangrun. Allt þakið verður klætt með þakpappa ofan á borðaklæðningu og þar ofan á með stálklæðningu.

### Gluggar.

Gluggar verða timburgluggar úr harðviði með tvöföldu einangrunargleri. (K-gler)

### Útihurðir.

Útihurðir verða úr harðviði.

### Verandir.

Verönd verður staðsteypt og stéttar ve ða hellulagðar, með steinsteyptum hellum. Stétt undir skyggni við aðaldyr verður steinsteypt.

### Gólf.

Gólf verða staðsteypt. Undir gólfplötu skal einangra með 75 mm einangrun.

### Innveggir.

Veggir kringum baðherbergi verða hlaðnir úr vikur- eða gjallplötum og pússaðir.
Aðrir innveggir verða blikkstoðaveggir klæddir gifsplötum.

### Loftrásir

Loftrásir skulu vera í öllum lokuðum gluggalausum rýmum og þar sem þær eru sýndar á uppdrætti (LR.) Þær skulu vera úr efni í flokki 1 og þær skal einangra og rakaverja í köldu þakrými.

### Sorp.

Sorpgeymslu verður komið fyrir á lóð nálægt lóðamörkum við götu. Sorpgeymsla skal vera úr A-EI60 byggingahlutum. Stærð sorpgeymslu miðist við sorpflokkun.

### Lóð

Bílastæði og megin aðkomur innan lóðar eru hellulögð. Gangstéttar og verandir verða hellulagðar. Önnur svæði verða þakin grasi, plöntum og trjágróðri Möguleiki verður á að hafa snjóbræðslu í gangstéttum og bílastæðum.

### Brunatæknileg atriði:

Burðarvirki hússins verður R60. Veggir á milli bílskúrs og íbúðar verða REI60. Hæðaskil og loftplata verða einnig REI60.

Rýmingarleiðir eru nokkrar úr húsinu. Þær eru úr hverju herbergi í svefnálmu út um glugga og út um dyr úr stofu . Í kjallara eru rýmingarleiðir út um glugga á vinnuherbergi og geymslu og um útidyr.
Reykskynjara skal setja upp í samræmi við byggingarreglugerð. Staðsetning, gerð og stærð handslökkvitækja skal vera í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar eldvarnareftirlits.
Þakklæðningar skulu vera í flokki T.
Klæðningar Innanhúss verða í flokki 1.

# AÐALUPPDRÁTTUR

Samþykkt þann
2 2 MARS 2002
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

Afstöðumynd 1:500







Sneiðing A-A

Aðalhönnuður - Sigurbergur Árnason arkitekt kt. 050656-3229
Norðurvangi 44 - Hafnarfirði - sími 565 1407

ERLUÁS 50 - HAFNARFIRÐI

Aðaluppdráttur
AFSTÖÐUMYND - SKÝRINGAR - SNEIÐING A-A

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað: | SÁ | Kvarði: | 1:100 og 1:500 |
| Reiknað: | | Dagss.: | 12.3.2002 |
| Teiknað: | SÁ | | |
| Yfirfarið: | | Verk nr.: | |
| Breytt: | | Teikn. nr: | 101 |